



Félag löggiltra endurskoðenda

Námskeið 22. september 2022 Gátlistar í gæðaeftirliti

Námskeiðið verður á Grand hóteli og streymt í rauntíma

Ætlað:	Opið öllum
Leiðbeinandi:	Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Pálína Árnadóttir, endurskoðendur
Staður:	Grand Hótel Reykjavík
Tími:	Fimmtudaginn 22. september 2022 kl. 13:00 – 16:00
Einingar:	Þrjár endurmenntunareiningar í flokknum endurskoðun
Verð:	Kr. 21.000- fyrir félagsmenn og starfsmenn endurskoðunarstofa en 30.000 fyrir aðra
Skráning:	Skráning á vefsíðu FLE til kl. 15:00 - 21. september 2022

Námskeiðslýsing:

Nú fer að líða að gæðaeftirliti og þetta námskeið er því gott fyrir endurskoðendur til að undirbúa sig. Á þessu námskeiði verður farið yfir listana, helstu áhersluatriði og undirbúning þess sem sætir eftirliti.

Hægt er að nálgast listana og handbók um gæðaeftirlit [á þessari slóð](#)

Leiðbeinendur: Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Pálína Árnadóttir

Pálína Árnadóttir er löggiltur endurskoðandi og eigandi hjá Deloitte með víðtæka reynslu í endurskoðun og reikningshaldi og hefur unnið fyrir bæði stór og meðalstór fyrirtæki. Pálína er áhættu- og gæðastjóri og yfirmaður óhæðis- og síðamála hjá Deloitte á Íslandi. Pálína hefur víðtæka reynslu sem gæðarýnir (EQCR) og gæðaeftirlitsmaður bæði fyrir Deloitte og Endurskoðendaráð. Pálína sat í Endurskoðendaráði á árunum 2013 – 2019.



Anna Birgitta Geirfinnsdóttir er löggiltur endurskoðandi og starfaði hjá Deloitte ehf. og forvera þess í rúm 30 ár. Var eigandi og forstöðumaður útibús Deloitte í Reykjanesbæ frá árinu 2006. Kallar sig nú giggara og ráðgjafa ásamt því að vera stjórnar- og nefndarmaður hjá ýmsum flottum fyrirtækjum og stofnunum. Er með víðtæka reynslu í endurskoðun og reikningshaldi og hefur unnið fyrir fjölbreytta flóru viðskiptavina. Anna Birgitta hefur reynslu sem gæðarýnir (EQCR) hjá Deloitte og annast nú gæðaeftirlit Endurskoðendaráðs.

